

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-  
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingar:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Lækjarhvamms í Laugardal.*  
Skipulagssvæðið er um 52 ha og er gert ráð fyrir 46 frístundahúsalóðum. Heimilt er að reisa allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús ásamt allt að 30 m<sup>2</sup> aukahúsi. Hámarksmanishæð frístundahúsa er 5,5 m frá gólfkóta.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2007.
2. *Breyting á deiliskipulagi Friðheima í Reykholti, verslunar- og þjónustulóð, Biskups-  
tungum.*  
Skipulagssvæðið er 3.830 m<sup>2</sup> lóð í landi Friðheima þar sem gert er ráð fyrir fimm útleiguíbúðum í einnar hæðar raðhúsi.  
Samþykkt í sveitarstjórn 26. júní 2007.
3. *Breyting á deiliskipulagi Skógarness, orlofssvæði Austureyjarnesi í Laugardal.*  
Í breytingunni felst að 10 orlofshúsalóðir syðst á svæðinu eru felldar niður og í stað þeirra verður útivistarsvæði til leikja og íþróttá á sunnan- og suðvestanverðu svæðinu. Nýtt tjald- og hjólhýsasvæði verður austan til á svæðinu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 1. mars 2005.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-  
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. nóvember 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 4. desember 2007